

**Æskulýðsstarf
Hestamannafélagsins
Þyts
2007-2008**



Æskulýðsnefnd Þyts Starfsskýrsla 2007-2008

Æskulýðsnefnd

Í æskulýðsnefnd Þyts árið 2007-2008 voru

Aðalheiður Sveina Einarasdóttir formaður
Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir
Gunnar Leifsson

Uppskeruhátíð

2. nóvember 2007 var haldin uppskeruhátíð barna og unglunga, um það bil 60 manns mættu og var gaman að sjá hvað foreldrar og aðstandendur styðja vel við börn sín og unglunga. Veittar voru viðurkenningar fyrir samstarfið á árinu sem var búið að vera mjög skemmtilegt og gott. Einnig voru gefin vönduð endurskins merki á fætur hestsins sem Sparisjóður Húnaþings og stranda gaf og er þetta mikið öryggisatriði. Knapar ársins í barna og unglungaflokki fengu einnig viðurkenningar. Veitingar voru snæddar og málin rædd. Að síðustu var kynning á nýjum göllum hjá félaginu sem þó nokkrir þöntuðu.

Prettándareið

Þrettándareiðin var haldin með pompi og pragt þann 5. janúar þetta árið. Farin var hópreið með álfakonung og drottningu í fararbroddi ásamt hirðmeyjum, Grýlu, Leppalúða og jólasveinum. Allt voru þetta krakkar sem eru virk í æskulýðsstarfi félagsins sem tóku þessi hlutverk að sér.

Riðið var í gegnum staðinn með viðkomu við sjúkrahúsið þar sem sungið var fyrir vistfólkið. Endaði svo reiðin á félagssvæði okkar í Kirkjuhvammi. Á eftir reiðinni fylgdi fjöldi fólks gangandi með kyndla ásamt Grýlu, Leppalúða og jólasveinunum sem skemmtu fólkinu.

Þegar komið var upp í Kirkjuhvamm tók á móti okkur kertalýstur hringvöllurinn þar sem kóngur og drottning riðu með hirð sína nokkra hringi í sínum glæsilegu búningum.

Á miðjum hringvöllinum var búið að koma fyrir brennustæði, í sérstökum körum, og sá björgunarsveitin um að kveikja í brennunni. Einnig voru þeir með frábær gosblys sem ekki fældu hestana og gerðu mikla lukku. Sungin voru hin ýmsu þrettándalög og jólin kvödd með sóma. Veitinganefndin var með rjúkandi kakó og vöfflur sem gerð voru góð skil á.



Fundir

9.febrúar var svo haldin fundur um vetrarstarfið. Mjög góð mæting var og lofaði fundurinn góðu fyrir komandi vetur. Upp komu margar tillögur að alls kyns verkefnum, skemmtunum

og fleiru. Eftir fundinn var unnið úr því sem fram kom og gerð dagskrá fyrir vetrarstarfið sem sett var beint inn á heimasíðu félagsins <http://www.123.is/thytur>.

8.apríl var einnig haldinn fundur til að athuga með þátttöku á Æskan og hesturinn á Sauðárkróki. Þar mættu mjög margir með foreldrum og forráðamönnum og spunnust fjörugar umræður um sýninguna og fleira. Gagnrýnt var, með réttu að okkar mati, tímasetning sýningarinnar sökum samræmdra prófa í skólum. Vonandi verður passað upp á þetta í framtíðinni.

Reiðþjálfun.

Mikill áhugi var fyrir reiðþjálfun og endaði það með því að við fengum 2 kennara, þau Herdís Einarasdóttir og Þórir Ísólfsson. Í heildina voru þetta 25 börn sem sóttu reiðþjálfunina á tímabilinu mars til maí. Hópnum var skipt upphaflega í tvo hópa eftir aldri og var Þórir með eldri hópinn 12-16 ára og Herdís með þann yngri 7-11 ára. Síðan skiptu þau hópnum meira. Reiðþjálfunin fór fram á tveimur stöðum, þar sem reiðhöllin okkar var ekki tilbúin. En sveitungar okkar stóðu vel við bakið á okkur og fengum við afnot af reiðskemmum á Höfðabakka og í Grafarkoti.

Þórir tók svo að sér að þjálfar og undirbúa þau börn og unglinga sem fóru á Landsmót og hafði það mikið að segja fyrir öreynnda knapa sem voru að stíga sín fyrstu skref á stórmóti.

Þessi reiðþjálfun hefur verið að skila sér vel og er von okkar að við getum fylgt þessu enn betur eftir þegar reiðhöllin okkar hérna á Hvammstanga verður tekin í notkun.

Einnig höfum við verið í sambandi við skólastjóra grunnskólans um að taka upp knapamerkja kerfið sem valgrein í skólanum og fer það af stað núna um áramót.

Sýningar

Stórsýning í reiðhöllinni Arnargerði

Ákveðið var að fara með atriði á sýningu á Blönduósi þann 28.mars. Farið var með 3 sýningaratriði, Ung og efnileg frá Þyt, Senjoriturnar og Punktur is. Æfingar hófust í byrjun mars. Þar sem reiðhöllin okkar var í smíðun þurftum við að sætta okkur við að æfa úti í gerðum í hinum ýmsu veðrum. En áhuginn var mikill og ekkert fékk okkur stöðvað, þó köld norðanáttin léti okkur finna fyrir sér. Allt gekk þetta saman á endanum, foreldrar hönnuðu og saumuðu búninga með hjálp barnanna og var mikið fjör á saumakvöldum.

Farnar voru tvær æfingaferðir á Blönduós vegna aðstöðuleysis hjá okkur, þar sem mátaðir voru búningar og hestar vandir við höllina, búningana og tónlistina.

Ung og efnilega frá Þyt voru 8 krakkar á aldrinum 7-15 ára sem riðu skemmtilega munsturreið í takt við lag úr Aladdin. Þar riðu fremst í flokki prinsinn og prinsessan með mikið fylgdarlið á eftir sér.

Senjoriturnar voru 8 stelpur á aldrinum 9-15 ára. Þær riðu mjög skemmtilega og flókna munsturreið í takt við skemmtilega spánartónlist.

Punktur is var svo unglingaatriðið okkar. Þeir voru á aldrinum 12-15 ára og riðu frekar hraða og skemmtilega munsturreið með flóknum fléttum. Þar var valin tónlist eftir áhugasviði þeirra.



Æskan og hesturinn á Sauðárkróki

Æfingar héldu stöðugt áfram, næsta sýning var á næsta leiti. Þann 2.maí var haldið á Sauðárkrók með 3 atriði eða 28 börn. Farið var daginn fyrir sýningu og var gisti í félagsheimilinu Tjarnabæ. Móttakan hjá hestamannafélögunum í Skagafirði var hreint alveg frábær. Þegar komið var norður var stokkið í að koma hestunum fyrir, borðað og svo skellt sér á æfingu í reiðhöllinni sem er nú talsvert stærri en sú sem við höfum verið í. Foreldrar og forráðamenn voru mjög dugleg við að fylgja börnum sínum, alls gistu um 60 manns. Boðið var upp á pizzur á föstudagskvöldinu og svo var sameiginlegt hlaðborð á laugardeginum þar sem allir hjálpuðust að. Það er gaman að sjá hvað börnin eru dugleg að hjálpa hvort öðru í öllu sem þau taka sér fyrir hendur. Samheldnin var þvítík enda metnaðarfullir sýnendur á ferð. Frá því á Blönduósi þurftum við að breyta tveimur atriðum þannig vinnan var mikil. Settum við þá upp atriði sem hét Ævintýraheimur, þar komu fram persónur úr Aladdin, Mjallhvít og dvergarnir sjö, Karíus og Baktus og prinsessur og prinsar. Þarna voru á ferð 20 börn sem unnu skemmtilega saman í að gera mörg lítil atriði að einu stóru. Þau voru á aldrinum 7-15 ára. Einnig fjölguðum við í senjoritu hópnum upp í 10 frá því á Blönduósi. Svo voru á ferðinni litlu krílin okkar sem fengu að vera með í atriði frá Sauðárkróki, en þar voru á ferðinni börn frá 1 1/2 ár- 6 ára og teymdu foreldrar undir þeim. Unglingarnir okkar komust ekki með okkur á Sauðárkrók vegna samræmdra prófa sem voru á sama tíma.



Eldur í Húnaþingi

Vorum við beðin um að sýna atriðin okkar á unglistarhátíð sem er árlegur viðburður hérna hjá okkur um miðjan júlí. Þar fengum við loksins að fara inn í reiðhöllina okkar sem er í byggingu og sýndum okkar fólki hérna heima hvað í okkur býr. Þar vorum við með atriðin okkar frá því á Sauðárkróki auk þess sem við höfðum fánareid í upphafi sýningar. Þessi sýning gekk eins og í sögu og vakti mikla lukku meðal heimafólks. Dagurinn endaði svo hjá okkur með því að við pöntuðum pizzur handa öllum sem tóku þátt í sýningunni, bæði börnum og fullorðnum. Þetta var ákveðinn lokapunktur á starfinu þetta árið.



Mikil áhersla er lögð á búninga og æfingar hjá okkur og teljum við betra að fara á einni æfingu fleira heldur en færri. Það skiptir mestu að bæði börn og hestar kunni atriðin til að allt gangi upp og þau njóti þess að taka þátt í svona sýningum. Búningarnir eru hafðir flóttir og áberandi til að gera sem mesta sýningu út úr atriðunum og að þau séu eftirminnileg. Vinnan

við svona sýningar er mjög skapandi .fyrir þátttakendur. Þeir fá að taka þátt í undirbúningi atriðanna, koma með hugmyndir, læra að vinna með hestinn en þetta reynir mikið á alla stjórnun. Samheldnin verður mikil innan hópsins og verða allir að vinna vel saman. Æfingunum fylgir mun meira heldur en bara æfingar fyrir atriðin. Farið er í leiki, útreiðatúra og marga fleira. Hér má sjá nokkrar myndir af atriðunum okkar.



Reiðtúr

Til að breyta útaf vananum frá æfingum í vor, skelltum við okkur í smá reiðtúr saman. Það voru allir velkomnir og mætti heill hellingur af fólki. Við riðum út að Syðri- Völlum, vorum búin að koma fyrir kleinum og safu þar í hesthúsinu og skemmtum okkur konunglega.

Vallabændur voru búnir að rýma hesthúsið fyrir okkur. Meðan við stoppuðum skelltum við hrossunum bara inn í stúur, fengum okkur að borða og skelltum okkur í nokkra leiki úti. Riðið var að lokum heim á leið og heppnaðist ferðin frábærlega í alla staði.



Leikjadagur

Eftir eina æfinguna hjá okkur í vetur höfðum við leikjadag. Þar settum við upp þrautabraut sem krakkarnir fóru í gegnum á hestunum sínum, með smá aðstoð eftir getu. Þetta var haft í svona boðhlaupsstíl svo það var smá keppni sem skapaðist hjá krökkunum. Í svona þrautabraut reynir mikið á færni knapa til að stjórna hestinum og var gaman að sjá hversu vel það gekk. Svona dagar eru alltaf mjög skemmtilegir.

Firmakeppni Þyts

17. júní var Firmakeppni félagsins haldin. Þar tók mikill fjöldi barna og unglinga þátt enda lagt upp með að þessi dagur væri fjölskyldudagur. Félagið var með hoppukastala og grillveislu á staðnum. Heljarinnar fjör varð á svæðinu enda mikil gleði í mannskapnum.

Æskulýðsmót Norðurlands

18.-20. júlí var stefnan tekin á Melgerðismela þar sem æskulýðsmót Norðurlands var haldið. Þangað fóru nokkrir héðan og komu allir hæst ánægðir heim. Þetta vakti mikla lukku og stefnum við án efa á að fara aftur á næsta ári með fleiri með okkur.

Landsmót, Unglingalandsmót og önnur mót

Fulltrúar okkar á Landsmóti á Hellu stóðu sig mjög vel. Einnig fóru keppendur á ungingalandsmót í Þorlákshöfn og gekk mjög vel. Svo voru auðvitað fullt af mótum hjá okkur og nágrannafélögum sem börn og unglingar voru mjög dugleg að taka þátt í.

Við í æskulýðsnefnd Þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur og hlökkum til næsta árs. Þá mun reiðhöllin okkar vera komin í notkun sem mun auðvelda okkur allt æskulýðsstarf. Ekkert er eins gaman eins og að gleðja börnin. Þau kunna að meta það sem gert er fyrir þau, mæta hverju verkefni með bros á vör og full tilhlökkunar. Aðalmarkmið okkar er að hafa gaman saman. Það er ekki aðalatriðið að keppa heldur að vera með og njóta þess. Æfingar, keppnir, sýningar og annað starf, allt er þetta gert til að styðja æsku okkar til aukinnar kunnáttu sem knapa fyrir okkar farsæla félag.

Æskulýðsnefnd Þyts